

**Sp.**

#### **504. Þingsályktun**

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Sp. 23. nóv.)

Með því að ríkisstjórnin hefur nú, að tilhlutun fjárveitinganefndar Alþingis, látið fram fara mat á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f og niðurstöður matsins sýna, að bréfin standa ekki lægra en í nafnverði, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að kaupa við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs, af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað fyrir lok desembermánaðar 1944, hlutabréf þau í greindum banka, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskirteinainningnum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, enda greiðist bréfin með ríkisskuldabréfum til 10 ára með 4% ársvöxtum.